

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 68/2000**

**frá 2. ágúst 2000**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2000 frá 4. febrúar 2000<sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 609/2000 frá 21. mars 2000 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3298/94 um ítarleg ákvæði varðandi kerfi umflutningsréttinda (umhverfispunktakerfi) fyrir þungaflutningabifreiðar sem fara gegnum Austurríki<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í liðum 26a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 881/92) og 26aa (bókun 9 við aðildarlög Austurríkis) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **32000 R 0609:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 609/2000 frá 21. mars 2000 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3298/94 um ítarleg ákvæði varðandi kerfi umflutningsréttinda (umhverfispunktakerfi) fyrir þungaflutningabifreiðar sem fara gegnum Austurríki (Stjtið. EB L 73, 22.3.2000, bls. 9).“

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 73, 22.3.2000, bls. 9.

*2. gr.*

Texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 609/2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 3. ágúst 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 2. ágúst 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*G. S. Gunnarsson*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði tilgreind.